

*Alþingi**Erindi nr. p 121, 947**komudagur 25/2 1997*

**TIL HEILBRIGÐIS OG TRYGGINGANEFNDAR  
ALÞINGIS.**

**b/t Össur Skarphéðinsson formaður.**

Samtökin Lífsvog mega til með að láta í ljósi, stórkostlega undrun sína á ummælum ráðherra heilbrigðismála varðandi meðferð læknamistakamála, í umræðum um Frumvarp til laga um réttindi sjúklinga, þann 19.2. 1997. Ráðherra nefndi til sögu áfrýjunarnefnd, er myndi bæta stöðu fólks gagnvart læknamistakámálum, því ekki þyrfti að leita til Landlæknis eða í heilbrigðisráðuneyti. Sé nefnd þessi Nefnd um ágreiningsmál, skv, lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, þá getum við ekki séð nokkrar einustu framfarir í þeim efnun. Það hefur tekið Samtökin Lífsvog, um það bil rúmt hálf ár, að koma málum fyrir nefndina, vegna tilbúnings eyðublaða, til útfyllingar fyrir sjúklinga. Eftir allan þann tíma er tók að búa til eyðublöð þessi, stendur síðan prentað á þau, að þau þurfi ekki að nota. Enginn fulltrúi almennings, sjúklinga situr í nefnd þessari, einungis ríkisstarfsmenn. Ein niðurstaða er Lífsvog hefur vitneskju um ber fremur vott afstöðuleysis, en niðurstaða sú var " læknisfræðilega óútskýranlegt " . Á læknamistakámálum þarf að taka af festu, ellegar situr þjóðin uppi með, óheyrilegar fjárhæðir í örorkugreiðslum, sem og greiðslum bóta til handa þeim er verða fyrir mistökum í læknismeðferð, því lögmennt munu í ríkari mæli reka mál einstaklinganna, hvert á fætur öðru. Lífsvog er bókstaflega að drukkna í kvörtunum þessa dagana, sömu aðgerðir, sömu læknar, í mörgum tilvikum. Alvarleg mál að við teljum,

er varða örorku af völdum mistaka í meðferð,  
eru of mörg.

Fróðleikur um hve miklu fjármagni væri til  
að dreifa í sjúklingatryggingasjóði, frá ári til  
árs, væri vel þegin, en Lífsvog veit aðeins um  
tvo aðila á tveimur árum er hafa hlotið náð  
hjá sjóði þessum. Tugum fólks er vísað frá,  
þrátt fyrir ábendingar Landlæknis.

Við skorum á nefndarmenn heilbrigðis og  
trygginganefndar að láta þessi mál til sín taka  
í umræðunni, hvar í flokki sem þeir standa.

f/h Samtakanna Lífsvog.

Guðrún María Óskarsdóttir, form.  
Ásdís Frímansdóttir, varaform.